

**62. þing Sundsambands Íslands
Efstaleiti 7, Reykjavík
24. og 25. mars 2017**

Þingskjal nr: 2017 – 8

62. þing Sundsambands Íslands haldið í Efstaleiti 7, Reykjavík, 24. og 25. mars 2017

staðfestir Stefnu SSÍ og Afrekssstefnu SSÍ. Jafnframt felur sundþing stjórn SSÍ að samræma stefnuna niðurstöðum málþings SSÍ frá í febrúar 2017 og við endanlega reglugerð Afrekssjóð ÍSÍ sem verður til á Íþróttapingi 2017. Í kjölfarið kalli stjórn SSÍ til opins formannafundar til að kynna vinnu sína og halda umræðunni opinni.

Þá samþykkir sundþing neðangreinda tillögu um íþróttafulltrúa SSÍ með þeim fyrirvara að efni hennar verði hluti af Stefnu SSÍ og hún rúmist innan fjárhagsramma sambandsins.

Íþróttafulltrúi SSÍ

Sundþing 2017 felur stjórn SSÍ að ráða íþróttafulltrúa í fullt starf frá og með 1. ágúst 2017. Stjórn SSÍ skal auglýsa stöðuna. Verkefni íþróttafulltrúans yrðu eftirfarandi:

- Að hafa umsjón með landsliðsverkefnum SSÍ og gera tillögur um viðmið og lágmörk í samráði við landsliðsnefnd
- Að vinna að uppbyggingu félaga út um allt land
- Að vinna að uppbyggingu sundfólks í öllum aldurshópum
- Að hafa umsjón með fræðslumálum innan sundhreyfingarinnar og koma reglu á þau
- Að vinna að uppbyggingu annarra sundíþróttá Íslandi
- Að vinna að fjáröflunarverkefnum SSÍ í samráði við framkvæmdastjóra

Greinargerð:

Nú þegar gengið hefur verið frá starfslokum landsliðsþjálfara í lok yfirstandandi sundárs og breytingum á starfshlutföllum og verkefnum annarra starfsmanna SSÍ þá opnast tækifæri til að vinna skipulegar að uppbyggingu sundfólks og sundíþróttá á Íslandi. Um leið gefst færi á að halda betur utan um fræðslumál SSÍ, fyrir þjálfara, sundfólk, dómara og foreldra. Það yrði þá gert með því að ráða til okkar kraftmikinn einstakling sem hefði áhuga á þessum þáttum öllum.

Afrekssjóður ÍSÍ er okkur mjög mikilvægur, þar sem hann hefur verið grunnurinn að því að við höfum getað haldið utan um afrekssstarfið. Nú standa fyrir dyrum miklar breytingar á Afrekssjóði, breytingar sem taka næstu þrjú árin að komast til framkvæmda. Í tillögum vinnuhóps um nýjan Afrekssjóð er gert ráð fyrir að SSÍ sé í hópi Afrekssambanda og um leið gerðar ákveðnar kröfur um umgjörð í kringum afrekssstarfið. En um leið og við þurfum áfram að halda vel utan um afrekssstarfið, þá liggur fyrir að við þurfum að styðja við og taka frumkvæði í uppbyggingu sundfélaga og deilda úti um land, við þurfum að efla starf okkar meðal skólabarna, það þarf að undirbyggja aldurshópa betur til þess að úr verði afrekssfólk og okkur er nauðsyn á að koma fræðslu út til aðstandenda sundfólksins okkar, hvort sem við erum að tala um foreldra, stjórnar fólk félaga, dómara eða þjálfara. Jafnframt er kominn tími til að við stöndum undir nafni og hugsum vel um aðrar sundíþróttir s.s. garpasund, víðavatnssund og sundknattleik, þetta eru að hluta til „fullorðinsíþróttir“ og munu skila okkur góðu umtali, sjálfboðaliðum og jafnvel fjármunum þó á óbeinan hátt sé.